

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1016

Dagsetning: 20. febrúar 2024 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir (GUP), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK) sat fundinn undir liðum 2, 4 og 5 í gegnum fjarfundarbúnað, Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð, í gegnum fjarfundarbúnað.

Gestir fundarins: Hrafn Ingason, sérfræðingur frá Maskínu, sat fundinn undir lið 3.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Afgreiðslu fundargerðar framkvæmdastjórnar HH frá 13. febrúar 2024 var frestað.

2. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

3. Þjónustukönnun vegna heilsugæslustöðva

Hrafn Ingason, sérfræðingur frá Maskínu, kom á fundinn til að kynna niðurstöður þjónustukönnunar Sí vegna heilsugæslustöðva. Vegna tækniörðugleika var erfitt að fara yfir niðurstöðurnar, verður skoðað betur.

4. Mislingar og hettusótt

Rætt um nýleg smit á bæði mislingum og hettusótt og viðbrögð HH þar sem boðið var upp á bólusetningar eftir samráð við sóttvarnalækni.

5. Staða heilsugæslustöðva

Rætt um stöðu og mönnun á nokkrum heilsugæslustöðvum og hvernig hægt er að bæta stöðuna.

6. Tilvísanir lækna

Rætt um tilvísanir til barnalækna og verklag lækna HH. Óánægja er meðal lækna vegna vinnu við óþarfar tilvísanir. Framkvæmdastjórn leggur áherslu á að tilvísanir séu faglegar.

Aðgerðir og verkefni

- Útfæra þarf vinnulag vegna tilvísana til barnalækna, sjá lið 6.
Ábyrgð: NSK

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:15.